

**Sp. 163. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]**

um könnun á uppbyggingu og rekstrargrundvelli sláturhúsa.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna nefnd er hafi það hlutverk að kanna framtíðaruppbyggingu, endurbætur og rekstrargrundvöll sláturhúsa í landinu.

Starf nefndarinnar beinist m. a. að eftirtöldum atriðum:

1. Gera tillögur um byggingu nýrra sláturhúsa og sameiningu þeirra sem fyrir eru þar sem landfræðilegar og félagslegar aðstæður leyfa.
  2. Kanna áhrif hugsanlegrar svæðaskiptingar í framleiðslu á uppbyggingu sláturhúsa.
  3. Kanna aukna nýtingu, tæknivæðingu sláturhúsa og hugsanleg ný verkefni.
  4. Gera tillögur um hvernig fjármögnun skuli háttáð við byggingu nýrra sláturhúsa.
- Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1985.

**Greinargerð.**

Á undanförunum áratug hafa verið vaxandi erfiðleikar í markaðsmálum landbúnaðarvara sem leiddu til þess að árið 1979 þótti nauðsynlegt að setja lög sem heimiluðu Framleiðsluráði landbúnaðarins stjórnunaraðgerðir til þess að takmarka framleiðslu landbúnaðarvara.

Þessar stjórnunaraðgerðir hafa haft þau áhrif á kindakjötsframleiðsluna að vegna kvótakerfis og verðskerðingar, sem þær hafa í för með sér, hefur hún minnkað á fimm ára tímabili um 15,6% eða 2399 tonn, þ. e. á árunum frá 1978—1983. Þessi framleiðsla mun enn fara minnkandi því að á sama tíma hefur fjárstofninn í landinu dregist saman um 21—22% og á síðast liðnu hausti var um 100 þúsund fjár færri slátrað en haustið 1983.

Stéttarsamband bænda markaði á aðalfundi sínum síðast liðið haust stefnu sem felur það í sér að framleiða kindakjöt fyrst og fremst fyrir markað innanlands.

Það er sýnt að þessar aðstæður gera það að verkum að endurskoða verður allar áætlanir um uppbyggingu sláturhúsa í landinu. Fækkun sláturfjár og minni framleiðsla af þeim sökum veldur sláturhúsunum og eigendum þeirra, sem eru framleiðendurnir — bændur landsins, miklum erfiðleikum. Þessir erfiðleikar hafa valdið því að algjör kyrrstaða er í byggingu nýrra sláturhúsa þrátt fyrir brýna þörf á endurbyggingu og endurskipulagningu þeirra, einkum á Vestfjörðum og Austurlandi þar sem uppbygging í þessari grein er skemmst á veg komin.

Þann 15. maí 1979 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra nefnd til þess að gera tillögur um endurskipan sláturhúsamála í landinu og segir svo í skipunarbréfinu:

- „1. Tillögur nefndarinnar skulu fjalla um staðsetningu sláturhúsa til förgunar á sauðfé, stórgripum og alifuglum.
2. Rík áhersla skal lögð á það við staðarval húsa, sem og innra skipulag þeirra, að það verði á þann veg að kostnaði við slátrun verði svo í hóf stillt sem kostur er, án þess þó að rýra gæði framleiðslunnar.“

Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum: Stefán Pálsson framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Seljan alþingismaður, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Sigurður Auðunsson hag-  
ræðingarráðunautur, Össur Guðbjartsson bóndi.

Nefndin skilaði álit 13. júní 1980 og fylgir álit hennar greinargerðinni sem fylgiskjal. Síðan nefndin skilaði álitu sínu hafa aðstæður enn breyst að því leyti að sláturfé hefur fækkað verulega og mörkuð hefur verið sú stefna af bændasamtökunum að framleiða fyrst og fremst með þarfir markaðar innanlands í huga og svæðaskipting í framleiðslu komi til greina.

Þess má geta að bygging nýrra sláturhúsa og endurbætur á þeim eldri hafa nær stöðvast á þeim árum sem liðin eru síðan nefndin skilaði álitu sínu. Því ber nauðsyn til að gera nú nýja athugun á þessum málum með þessar breyttu aðstæður í huga.

Fjármagnskostnaður vegna nýrra sláturhúsa er mjög hár og verðlagningu hefur verið þannig háttáð á undanförunum árum að verð afurðanna hefur ekki staðið undir honum, hann hefur ekki verið borinn upp í verði afurðanna og því hafa húsin ekki getað skilað fullu verði til framleiðenda. Nýtingartími húsanna er stuttur, aðeins tveir til þrjú mánuðir á ári, og eykur það enn á þessa erfiðleika. Því skal athugunin beinast að því hvort mögulegt er fyrir sláturhúsin að taka að sér ný verkefni og hvort bættar vinnuáferðir og aukin tækni við slátrunina geta létt undir í rekstri húsanna. Einnig er nauðsynlegt að gera úttekt á því hvort sameining sláturhúsa, þar sem landfræðilegar og félagslegar aðstæður leyfa, geti verið til lausnar á þessum vanda.

Það er brýnt hagsmunamál bænda og neytenda í þéttbýli að ekki sé látið staðar numið í uppbyggingu sláturhúsa í landinu því að það er áriðandi að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytta gæðavöru í kjötvörum á markaði innanlands og að því ber að stefna. Slíkt verður hins vegar ekki tryggt nema uppbygging eigi sér stað í sláturhúsunum en slík uppbygging er ókleif með núverandi fjármögnun og verðlagningu. Þann þátt verður því að taka með í þá athugun sem hér er lagt til að gerð verði og skila tillögum þar um.

## Fylgiskjal I.

Stéttarsamband bænda.

### ÁLYKTUN UM STEFNUMÓTUN Í LANDBÚNAÐI.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1984 ályktar að mótun framtíðarstefnu í landbúnaði sé eitt brýnasta hagsmunamál bændastéttarinnar. Sú óvissa sem ríkir um málefni landbúnaðarins, er með öllu óþolandi og þær aðstæður hafa skapast í þjóðfélaginu að sífellt verður meira aðkallandi að viðtæk samstaða náist um ákveðna landbúnaðarstefnu. Ákveðin stefna í landbúnaðarframleiðslu er undirstaða hagkvæmrar framleiðslu og nýrrar sóknar til framfara í landbúnaði og jafnframt er hún forsenda þess að auðlindir landsins verði nýttar á skynsamlegan hátt. Aðalfundurinn fagnar því frumkvæði sem landbúnaðarráðherra hefur tekið með skipan nefndar til að fjalla um stefnumörkun í landbúnaði. Jafnframt skorar fundurinn á ríkisstjórn og Alþingi að taka höndum saman við bændasamtökin um slíka stefnu, er tryggi sem best afkomu hans, þjóðinni til hagsbóta.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda telur að meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar eigi að vera eftirfarandi:

1. Framleiðsla landbúnaðarvara skal fullnægja, eftir því sem tók eru á, þörfum innanlands, bæði er varðar landbúnaðarafurðir til manneldis og iðnaðarframleiðslu. Framleiðsla umfram það verði í samræmi við aðstæður á erlendum mörkuðum.
2. Tryggja skal þeim sem vinna landbúnaðarstörf sambærileg fjárhagsleg og félagsleg kjör og aðrir landsmenn njóta.
3. Stefna skal að því svo sem unnt er að framleiðsla landbúnaðarafurða byggist á innlendum auðlindum.

4. Við framleiðslu landbúnaðarafurða sé ávallt tekið tillit til hagkvæmnis- og landnýtingarsjónarmiða, með það fyrir augum að efla hag bænda og tryggja neytendum sem bestar og ódýrastar búvörur.
5. Tryggja skal og styrkja eftir föngum núverandi byggð í landinu.
6. Atvinnuréttindi og framleiðsluréttur þeirra, er búvöruframleiðslu stunda, verði tryggður með löggjöf.

Til að þessum markmiðum verði náð bendir fundurinn á eftirfarandi atriði:

1. Sett verði löggjöf sem kveði á um samninga milli stjórnvalda og framleiðenda um árlegt magn þeirra tegunda búvöru sem tryggt verði fullt verð fyrir. Þess skal gætt að framleiðslan tryggji ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður.
2. Framleiðslustjórnun verði eflð og öll búvöruframleiðsla felld inn í ramma slíkrar stjórnunar. Aðlögun búvöruframleiðslunnar að breyttum markaðsaðstæðum gerist skipulega og í samningsbundnum áföngum. Samhliða þeirri aðlögun verði gert stóratök í eflingu atvinnulífs svo ekki komi til frekari byggðaröskunar.
3. Neyslustefna verði mótuð sem taki fullt tillit til hollustusjónarmiða og til þess að framleiðsla sem byggir á innlendum auðlindum og aðföngum njóti stuðnings umfram aðra framleiðslu. Jafnframt verði auknar rannsóknir á vöruþróun og markaðsmálum og rík áhersla lögð á að búvöruframleiðslan sé í samræmi við óskir neytenda.
4. Nágrannþjóðir okkar vernda landbúnað sinn með margvíslegum aðgerðum og greiða niður búvörur til neytenda. Fráleitt er að Íslendingar skeri sig úr hvað þetta varðar.
5. Réttur innlendrar framleiðslu á innanlandsmarkaði verði tryggður gagnvart innflutningi á búvörum.
6. Séð verði fyrir fjármagni til eðlilegs viðhalds og endurnýjunar í landbúnaðinum, svo og til uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra. Ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar, endurnýjunar og nýsköpunar í landbúnaði verði samræmd hinni nýju framleiðslustefnu.
7. Stuðlað verði að þeirri bústærð sem með hagkvæmri tækni og eðlilegu vinnuálagi geti veitt fjölskyldu lífsframtíð sinni.
8. Nýting fjármuna til rannsókna og leiðbeiningarstarfs verði endurskoðuð og samræmd þeirri landbúnaðarstefnu sem fylgt er hverju sinni. Hagfræðilegar rannsóknir og leiðbeiningar á því sviði verði eflaðar til muna.
9. Starfsemi og staðsetning vinnslustöðva landbúnaðarins verði endurskipulögð með tilliti til aukinnar hagkvæmni og framtíðarstefna mótuð í rekstri þeirra.
10. Athugað verði hvernig það fjármagn sem nú rennur til landbúnaðarins, t. d. jarðræktarframlögin, nýtist best til þess að ná settum markmiðum í þeirri landbúnaðarstefnu sem mörkuð verður.

## **Fylgiskjal II.**

### **NEFNDARÁLIT SLÁTURHÚSANEFNDAR.**

Með bréfi, dagsettu 15. maí 1979, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að gera tillögur um endurskipan sláturhúsamála í landinu og eins og segir í skipunarbréfinu:

- „1. Tillögur nefndarinnar skulu fjalla um staðsetningu sláturhúsa til förgunar á sauðfé, stórgripum og alifuglum.
2. Rík áhersla skal lögð á það við staðarval húsa, sem og innra skipulag þeirra, að það verði á þann veg að kostnaði við slátrun verði svo í hóf stillt sem kostur er, án þess þó að rýra gæði framleiðslunnar.

Þess má geta að einkum mun skipulagning á slátrun brýn á Vestfjörðum og Austurlandi.“

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í nefndina: Stefán Pálsson framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Seljan alþingismaður, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Sigurður Auðunsson hagræðingarráðunautur, Össur Guðbjartsson bóndi.

Svo sem fram kemur í skipunarbréfinu er bent sérstaklega á vandamál bæði á Vestfjörðum og Austurlandi. Því var ákveðið að fara á þessi landssvæði til að kynna vandamálunum nánar. Fundir voru haldnir með sláturleyfishöfum á Austurlandi 4.—7. júlí en á Vestfjörðum 27.—29. ágúst. Þá voru einnig haldnir fundir í þeim landshlutum þar sem uppbygging er skammt komin eða fyrirhuguð er sameining í stærri einingar.

Eftir athugun á byggingarkostnaði húsa var nefndin sammála um að vart kæmi til mála bygging húsa undir 15 þúsund kinda slátrun. Þá má benda á að hús fyrir 30—50 þúsund kinda slátrun er hlutfallslega 22% hagkvæmari en 15 þúsund kinda og hús fyrir 80 þúsund kinda slátrun 37% hagkvæmari.

Því voru fyrst og fremst eftirtalin atriði sem komu til álita varðandi staðsetningu:

1. Stærðarmörk til að ná sem hagkvæmustum byggingarkostnaði.
2. Hámarksvegalengdir með flutning á sláturfé.
3. Skipan afurða- og rekstrarlána þegar um er að ræða fækkun húsa.

Um fyrsta liðinn er að nokkru fjallað hér að framan en benda má á að mjög mikill kostnaður liggur í ýmsum byggingarliðum hvort sem byggingin er stór eða lítil, svo sem aðstöðu fyrir starfsfólk, hreinlætisaðstöðu vegna heilbrigðiskrafna, auk þess sem almennt er ódýrara hlutfallslega að byggja stærri einingar.

Varðandi annan lið, þ. e. a. s. hámarksvegalengdir í flutningi á fé til slátrunar, verður að hafa í huga ýmsa þætti, svo sem fjallvegi, sauðfjárveikivarnir o. fl. Þó virðist skynsamlegt að sem viðmiðun verði ekki farið yfir 100 km. Þó getur komið til mála að haga flutningum á annan veg, svo sem við Inndjúp þar sem kemur til álita flutningur á sjó frá fjarlægustu stöðunum.

Þriðji liðurinn lýtur fyrst og fremst að stjórnun þessara mála. Ef um sameiningu eldri sláturleyfishafa er að ræða virðist vera um tvær leiðir að velja: Annars vegar sérstakt slátursamlag sem væri sameignarfélag beggja eða allra fyrri sláturleyfishafa. Það form ætti að leysa mörg vandamál, svo sem að einn aðili fengi oddaaðstöðu fram yfir annan vegna fjármagnsstreymis út á afurðir. Hins vegar að leggja niður smáar einingar en flytja slátrun á nærliggjandi staði sem er þó lakari kostur. Þetta getur í nokkrum tilvikum verið nauðsynlegt, einkum þar sem uppbygging hefur þegar farið fram og þau hús gætu bætt við slátrun. Alger forsenda fyrir því, að hægt sé að mæla með slíku, er að allar afurðir séu þegar í stað reikningsfærðar til viðskiptafélags viðkomandi bænda þannig að félögin tapi í engu við þessa breytingu. Ef ekki verður hægt að tryggja þessi atriði er ekki hægt að mæla með þessari leið því að jafnframt væri í mörgum tilfellum verið að mæla með fækkun kaupfélaga eða verslunarfélaga sem varla getur fallið undir verksvið nefndarinnar.

Nefndin hefur í störfum sínum stuðst að nokkru við álit fyrri sláturhúsanefndar sem skipuð var af Framleiðsluráði landbúnaðarins og skilaði álit árið 1974. Til álita kom að setja upp forgangsröðun í uppbyggingu næstu ára en með tilliti til verðlagsþróunar varðandi fjármagnsþörf er tæplega raunhæft að setja upp óskalista af slíku tagi enda vafasamt að til þess sé ætlast af nefndinni samkvæmt skipunarbréfi.

#### **Forsendur fyrir staðsetningu og uppbyggingu sláturhúsa.**

##### **Lifandi sauðfé.**

1. Að flutningar á lifandi sauðfé fari að jafnaði ekki yfir 100 km vegalengd.
2. Að tekið sé tillit til sauðfjárveikivarna.
3. Að tekið sé tillit til landfræðilegra aðstæðna, t. d. fjallvega sem geta lokast vegna snjóá.

### **Sláturhúsið.**

1. Að sláturhúsið sé af hagkvæmri stærð.
2. Að dýralæknir sé ætíð á staðnum meðan slátrun fer fram.
3. Að næg orka og vatn sé fyrir hendi.
4. Að öllum reglum um slátrun sé framfylgt.
5. Að rétt rúmi dagslátrun.
6. Að kjötsalur geti kælt nægilegt magn kjöts.
7. Að frystigeta sé nægileg bæði fyrir kjöt og innyfli.
8. Að slátrun taki að jafnaði ekki meira en 20—25 daga, auk annarra krafna um sláturhús.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 26 sauðfjársláturhúsum svo sem fram kemur hér á eftir:

### **Borgarnes.**

Í öllum fyrri áætlunum hefur alloft verið gert ráð fyrir sláturhúsi í Borgarnesi og sú áætlun stendur óhöggud. Þar var slátrað 1978 rúmlega 81 þúsund fjár og milli 2500 og 3000 kindum á dag. Eftir er að byggja stórgripasláturhús en í það mun ekki verða ráðist fyrr en byggingu mjólkurstöðvar lýkur.

### **Stykkishólmur.**

Í Stykkishólmi var slátrað 1978 rúmlega 14 þúsund fjár fyrir fjóra sláturleyfishafa. Nefndin telur að þar þurfi að vera sláturhús áfram með heildarafköst um 15 þúsund og dagsafköst um 750—800 kindur.

### **Búðardalur.**

Í öllum fyrri áætlunum hefur verið gert ráð fyrir sláturhúsi í Búðardal og sú áætlun stendur enn. Þar er gert ráð fyrir sláturhúsi þar sem hægt er að slátra 40—50 þúsund kindum, 2000 kindum á dag. Þetta hefur ekki staðist þar sem ekki hefur fengist nægilegt magn sláturdýra.

Í Búðardal er nýbúið að byggja allgott frystihús og frystigeymslur. Það var tekið í notkun á árunum 1978—1979. Eftir er að endurbæta aðstöðu til stórgripaslátrunar.

### **Króksfjarðarnes.**

Nefndin telur að rétt væri að byggja sláturhús í Króksfjarðarnesi vegna sérstöðu þess miðað við önnur byggðarlög og æskileg stærð á því húsi yrði fyrir heildarafköst í slátrun um 15 þúsund fjár og dagsafköst um 750 kindur.

### **Patreksfjörður.**

Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir sláturhúsi á Patreksfirði og sú áætlun stendur enn. Þar er gert ráð fyrir sláturhúsi með um 15 þúsund fjár í heildarafköstum og þyrftu dagsafköst að vera um 800—1000 kindur.

### **Þingeyri.**

Verið er að byggja sláturhús á Þingeyri þar sem slátrun í heild yrði um 12—14 þúsund kindur og dagsafköst 6—800 kindur. Þetta hús ætti að geta tekið sláturfé frá Þingeyri og að hluta frá Flateyri. Vegna samgönguferðleika, sem geta skapast við fjárflutninga, teljum við rétt að mæla með þessu húsi.

### **Ísafjörður.**

Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir húsi á Ísafirði og sú ákvörðun stendur enn. Á Ísafjarðarsvæðinu var slátrað rúmlega 15 þúsund kindum árið 1978, eitthvað gæti bæst við úr

Önundarfirði, þannig að gera mætti ráð fyrir slátrun 15—18 þúsund kinda í heild eða 800—1000 kindum á dag.

#### **Hólmavík.**

Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir sláturhúsi á Hólmavík og sú áætlun stendur enn. Upphaflega var gert ráð fyrir sláturhúsi þar sem heildarafköst voru um 20—25 þúsund fjár og dagsafköst um 1000—1100 fjár. Þetta sláturhús er ekki fullfrágengið. Nefndin leggur til að þessu verki verði haldið áfram og lokið við byggingu hússins svo fljótt sem auðið er.

#### **Borðeyri.**

Á Borðeyri er 15—17 ára gamalt sláturhús sem var verulega endurbætt á árunum 1978 og 1979. Þessari framkvæmd er nú lokið en eftir er að byggja frystihús. Afköst í þessu sláturhúsi eru um 15 til 20 þúsund kindur. Nefndin leggur til að haldið verði áfram með lokauppbyggingu þessa húss.

#### **Hvammstangi.**

Á Hvammstanga er nýlokið byggingu frystihúss og í byggingu er sláturhús með rými til að slátra um 1800—2000 kindum á dag. Heildarslátrun 1978 var 53 500 kindur. Nefndin leggur til að byggingu þessa húss verði lokið sem allra fyrst og mun það geta annað allri slátrun sem til fellur á svæðinu.

#### **Blönduós.**

Á Blönduósi var sláturhús tekið í notkun árið 1971. Fjárrétt er of lítil og þarfnast stækkunar. Afköst í þessu húsi er slátrun 2200 kinda á dag. Heildarslátrun 1978 var 62 200 kindur. Lagt er til að fullnaðarfrágangi verði lokið.

#### **Sauðárkrókur.**

Hús fullfrágengið 1973. Slátrað var af verslunarsvæðinu 73 250 fjár 1978, þar af hjá K. S. 61 900 en í húsinu er hægt að anna allri slátrun af svæðinu.

#### **Akureyri.**

Sláturhúsið á Akureyri var byggt árið 1928. Allmikil endurskipulagning fór fram á árunum 1978 og 1979. Ákveðið hefur verið að endurskipuleggja húsið miðað við dagsslátrun allt að 2200 kinda. Á Dalvík og Akureyri var slátrað 61 500 fjár árið 1978. Eftir endurskipulagningu ætti í húsinu á Akureyri að vera hægt að anna þessari heildarslátrun.

#### **Svalbarðseyri.**

Þar er búið að byggja upp gott frystihús og kjötgeymslur, einnig er búið að byggja þar upp rétt, eftir er að byggja sláturhúsið. Ekki telur nefndin að hægt sé að standa á móti byggingu sláturhúss þar þar sem allt annað er fyrir hendi og þegar er búið að fjárfesta mikið.

#### **Húsavík.**

Á Húsavík er nýlegt sláturhús. Slátrað var þar 46 880 kindum árið 1978 og hefur slátrun aukist frá 1974 um 11%. Afkastageta í þessu sláturhúsi er meiri og stendur því fyrri áætlun óhöggud.

**Kópasker.**

Á Kópaskeri er gamalt sláturhús. Lagfæring fór fram að hluta 1975 og 1976 á frystihúsinu. Áætlað er að endurbæta húsið á komandi tímum og auka afköstin í slátrun 1650 kinda á dag. Slátrað var 1978 32 350 kindum og aukning frá árinu 1974 var 16%. Nauðsynlegt er að þarna verði sláturhús áfram.

**Þórshöfn.**

Á Þórshöfn er gamalt, lélegt sláturhús sem þarfnast endurbóta. Slátrað var 15 390 kindum 1978 og aukning frá árinu 1974 var 15%. Vegna sérstöðu og landfræðilegra staðhátta mun vera nauðsynlegt að hafa hús þarna áfram.

**Vopnafjörður.**

Á Vopnafirði er gamalt slátur- og frystihús. Á árinu 1978 var slátrað tæplega 17 þúsund kindum og hefur slátrun aukist frá árinu 1974 um 7%. Vegna landfræðilegrar stöðu og fjarlægðar frá öðrum byggðarlögum mun reynast full þörf á sláturhúsi á staðnum.

**Egilsstaðir.**

Á svæðinu frá Fossvöllum og Egilsstöðum að Fagurhólsmýri var slátrað 1978 samtals 161 600 kindum og aukning frá árinu 1974 var um 22% eða rúmlega 5% á ári. Nefndin leggur til að byggt verði sláturhús á Egilsstöðum. Í fyrri áætlun sláturhúsaneftndar var reiknað með 2 sláturhúsum á þessu svæði, 1 á Egilsstöðum og 1 á Höfn; vegalengdin á milli þessara staða er 296 km ef farin er Fjarðaleiðin en 238 km ef farin er Breiðdalsheiði. Lengsta leið frá Egilsstöðum í hina áttina að sækja sauðfé er rúmlega 100 km og að Fagurhólsmýri frá Höfn um það bil 120 km. 1978 var slátrað á Egilsstaðasvæðinu rúmlega 88 þúsund kindum og aukning frá 1974 hefur orðið um 24%. Á Eskifirði og í Neskaupsstað var slátrað 1978 um 7 þús. kindum en aukning á því svæði hefur verið óveruleg.

**Breiðdalsvík.**

Á þessu svæði var slátrað 1978 tæplega 19 500 kindum og aukning frá 1974 var 21%. Ef slátra á þessu fé í einu húsi þá þurfa afköst að vera á milli 900 og 1000 kindur á dag. Þessu væri hægt að ná með breytingu á sláturhúsi á Breiðdalsvík ef rétt og frystigeymslur yrðu stækkaðar.

**Djúpivogur.**

Á Djúpavogi er gamalt, ónýtt sláturhús. Á þessu svæði var 1978 slátrað tæplega 15 500 kindum og aukning frá 1974 var 25%. Vegna sauðfjársjúkdóma og vegalengdar til næstu staða, til Hafnar 100 km og Breiðdalsvíkur 77 km, væri æskilegt að byggt yrði sláturhús á þessum stað þar sem hægt væri að slátra um 800—900 kindum á dag.

**Höfn.**

Áætlað er að byggja sláturhús á Höfn með um 1200 kindum á dag. Á þessu svæði var slátrað 31 690 kindum 1978 og aukning frá 1974 hefur verið 13%.

**Kirkjubæjarklaustur.**

Á Kirkjubæjarklaustri er nýlegt sláturhús og þar var gamalt frystihús. Frystihúsið hefur verið rífið og nýtt byggt. Áætlað er að slátra 800 kindum á dag. Slátrun á árinu 1978 var 25 þúsund kindur. Um litla breytingu frá árinu 1974 var að ræða og vegna fjarlægðar frá öðrum byggðarlögum mun vera nauðsynlegt að hafa sláturhús á þessum stað. Vegalengd að Höfn er 204 km og að Vík um 80 km.

### **Vík í Mýrdal.**

Í Vík var slátrað í tveim sláturhúsum 1978 32 160 kindum og aukning frá árinu 1974 var 7%. Vegna fjarlægðar frá öðrum byggðarlögum teljum við að þar þurfi að vera sláturhús með afkastagetu er nemur slátrun 23—25 þúsund kinda í heild og dagsafköst þurfa að vera 1000—1200 kindur á dag.

### **Hvolsvöllur.**

Gert var ráð fyrir á fyrri áætlun sláturhúsi fyrir 60—70 þúsund fjár og dagsafköstum sem næmi slátrun 2500—3000 kinda. Sú áætlun stendur óbreytt. Benda má á að þegar hefur verið byggt frystihús á Hvolsvelli er annar frystingu um 3000 skrokka á dag og heildargeymslurými er þar fyrir um 90—100 þúsund skrokka.

### **Selfoss og Laugarás.**

Við teljum að á Selfossi og í Laugarási sé hægt að afkasta þeirri slátrun sem til fellur í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Því mælir nefndin ekki með fleiri húsum á því svæði. Frystihús vantar við sláturhúsið í Laugarási.

### **Stórgripasláturhús.**

Á Selfossi, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík er viðhlítandi aðstaða til stórgripaslátrunar. Fyrir dyrum stendur að byggja stórgripasláturhús í Borgarnesi, á Blönduósi, Hvammstanga og í Búðardal. Á öðrum stöðum er gert ráð fyrir slátrun í sauðfjársláturhúsum. Þá aðstöðu þyrfti að endurbæta sem fyrst og laga að kröfum nútímans. Að öðru leyti telur nefndin að ekki sé þörf á að bæta við sérstökum stórgripasláturhúsum.

### **Svínasláturhús.**

Á Suðurlandi var slátrað 1979 á milli 12 og 13 þúsund svínunum og teljum við að afkastageta í þessum húsum, þar sem svínunum er slátrað, sé nægileg og ekki sé ástæða til að byggja fleiri heldur fullkomna þau sem þegar eru fyrir hendi. Annars staðar á landinu er slátrað innan við 1000 svínunum, fyrir utan Eyjafjardarsvæðið, en þar er slátrað um 2000 svínunum og er aðstaða í sláturhúsi KEA viðunandi. Af sóttvarnarástæðum er slátrað til bráðabirgða á tveimur stöðum, þ. e. a. s. á Minni-Vatnsleysu, Gullbringusýslu, og í Grísabóli í Mosfellssveit. Stefna ber að því að leggja þessa slátrun niður sem fyrst.

### **Fuglasláturhús.**

Niðurstaða nefndarinnar er sú að í dag sé nægilegt að hafa tvö fuglasláturhús á landinu, annað á Suðurlandi sem þegar er búið að byggja í Mosfellssveit, hitt á Norðurlandi og þá helst við Eyjafjörð, og ættu þau að geta annað þeirri slátrun sem er nauðsynleg á næstu árum. Ef sett yrðu nú upp fleiri fuglasláturhús myndi það kippa rekstrargrundvelli undan þessum tveim húsum og slátrunin lenda í ólestri og örðugt yrði að tryggja nægilegt heilbrigðiseftirlit.

### **Slátrun 1974—1978.**

Hér fer á eftir yfirlit yfir slátrun 1974 og 1978. Upplýsingar þessar eru fengnar hjá Búnaðarfélagi Íslands. Reynt hefur verið að skipa þessu þannig að hægt sé að nota það til samanburðar við fyrri áætlanir. Ástæðan fyrir því að árið 1978 var tekið en ekki 1979 var vegna þess að við teljum 1979 óeðlilegt vegna slæms árferðis.



**Slátrun á S-Vesturlandi og Vestfjörðum.**  
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.	Breyting %
K.B. B. Borgarnesi .....	74.67	81.33	+9
K.S. Stykkishólmi .....	13.55	14.23	+5
K.Hv. Búðardal .....	27.26	32.00	+11
K.S.S. Skriðulandi .....	8.93	9.98	+5
K.K. Króksfjarðarnesi .....	13.17	11.53	+17
	<b>49.36</b>	<b>53.51 =</b>	<b>+9</b>
K.P. Patreksfirði .....	6.56	5.86	
Örlygur, Gjögri .....	2.02	2.29	
S.S.A. Bíldudal .....	2.69	3.11	
K.T. Tálknafirði .....	1.28	1.05	
	<b>12.55</b>	<b>12.21 =</b>	<b>+2</b>
K.D. Þingeyri .....	8.14	8.48	
K.Ö. Flateyri .....	4.75	5.93	
	<b>12.89</b>	<b>14.41 =</b>	<b>+12</b>
K.F. Súgf. Suðureyri .....	1.06		
K.Í. Ísafirði .....	7.17	12.16	
E.G. Bolungarvík .....	2.45	2.99	
	<b>10.68</b>	<b>15.15 =</b>	<b>+42</b>
K.S.N. Norðurfirði .....	3.03	4.31	
K.S.H. Hólmavík .....	12.28	15.02	
K.B.Ó. Óspakseyri .....	5.35	6.95	
	<b>20.66</b>	<b>26.28 =</b>	<b>+28</b>
<b>Samtals</b>	<b>194.36</b>	<b>217.22 =</b>	<b>+12</b>

**Slátrun á N.-Vesturlandi, Norðurlandi og N.-Austurlandi.**  
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.	Breyting %
K.H. Borðeyri .....	14.08	16.46	
K.V.H. Hvammstanga .....	35.19	43.02	
S.P. Hvammstanga .....	7.85	10.50	
	<b>57.12</b>	<b>69.98 =</b>	<b>+23</b>
S.A.H. Blönduósi .....	54.67	62.22	+19
K.S. Sauðárkr. + Hagan. ....	62.87	61.87	
S.S. Sauðárkróki .....		11.38	
	<b>62.87</b>	<b>73.25 =</b>	<b>+17</b>
KEA Dalvík+Ólafsf. ....	13.10	15.42	
KEA Akureyri .....	41.73	46.05	
K.S.P. Svalbarðseyri .....	17.56	23.40	
	<b>72.39</b>	<b>84.87 =</b>	<b>+18</b>
K.P. Húsavík .....	42.50	46.88	+11
K.N.P. Kópaskeri .....	28.03	32.35	+16
K.L. Þórshöfn .....	13.43	15.39	+15
K.V. Vopnafirði .....	15.94	16.98	+7
Siglufjörður .....	1.84	2.69	
	<b>101.74</b>	<b>114.29</b>	
<b>Samtals</b>	<b>348.79</b>	<b>404.61 =</b>	<b>+16</b>

**Slátrun á Austurlandi.**  
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.	Breyting %
K.H.B. Fossvöllum .....	18.73	26.82	
K.H.B. Borgarf. E. ....	7.38	6.57	
K.H.B. Reyðarf. ....	18.89	24.76	
K.H.B. Egilsstöðum .....	19.10	22.95	
	<b>64.10</b>	<b>81.10 =</b>	<b>+27</b>
Verzl.fél. A. Egilsst. ....	6.08	7.00	
Kf. Fram, Neskaupstað .....	4.54	4.42	
P.E. Eskifirði .....	2.13	2.58	
	<b>12.75</b>	<b>14.00 =</b>	<b>+10</b>
K.F.F. Fáskrúðsf. ....	5.7	6.48	
S. Suðurfj. Breiðdalsv. ....	10.3	12.87	
	<b>15.98</b>	<b>19.35 =</b>	<b>+21</b>
K.B. Djúpavogi .....	12.41	15.46 =	+25
KASK Höfn+Fagurhólsm. ....	28.09	31.69 =	+13
<b>Samtals</b>	<b>133.33</b>	<b>161.60 =</b>	<b>+22</b>

**Slátrun á Suðurlandi.**  
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.	Breyting %
S.S. Kirkjubæjarkl. ....	25.41	25.11	
S.S. Vík í Mýrdal .....	14.20	13.03 =	+9
S.V. Vík í Mýrdal .....	7.60	10.13 =	+34
	<b>21.80</b>	<b>23.16 =</b>	<b>+7</b>
S.S. Djúpadal .....	28.37	31.06	
S.S. Hellu .....	33.44	34.38	
S.S. Laugarási .....	21.09	22.60	
Búrfell, Minniborg .....	9.31	11.65	
Fr.Fr. Þykkvabæ .....	8.90	10.71	
S.S. Selfossi .....	47.08	43.05	
Höfn, Selfossi .....	8.61	12.93	
	<b>156.80</b>	<b>166.38 =</b>	<b>+7</b>
K.S. Grindavík .....	10.50	11.48	
Sl.G.M. Hafnarfirði .....	7.10		
	<b>17.60</b>	<b>11.48 =</b>	<b>+34,8</b>
S.S. Laxá .....	10.24	11.34	
<b>Samtals</b>	<b>241.84</b>	<b>238.01 =</b>	<b>+3</b>

### Svínaslátrun 1979.

S.S. Selfossi .....	4116
Höfn Selfossi .....	2967
Þór Hellu .....	480
Kr. Sveinsson .....	ca. 1450
Minni-Vatnsleysa .....	ca. 3450
KEA Akureyri .....	1718
Húsavík .....	204
Borgarnes .....	63
Egilsstaðir .....	20
Hvammstangi .....	127
Þórshöfn .....	20
Búðardalur .....	6
Ísafjörður .....	8